

Fiskiskipum skulu veittar upplýsingar um móttökugetu einstakra verksmiðja um fjarskiptastöð samkvæmt ákvörðun nefndarinnar. Fiskiskipi er óheimilt að leita löndunar í verksmiðju, þar sem nefndin hefur stöðvað löndun, en að öðru leyti skal skipstjóri hvers skips ákvarða og tilkynna nefndinni, hvar hann muni leita löndunar.

### 3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara að fengnu álitni samtaka sjómanna, útvegsmanna og Félags íslenzkra fiskimjòls-framleiðenda.

Kostnaður af framkvæmd laganna, þ. á m. þóknun nefndarinnar, greiðist af fiskkaupendum og fiskseljendum eftir reglum, er ráðuneytið setur. Skal heimilt að ákveða, að greidd skuli ákveðin fjárhæð af hverri hráefnissmálest frá seljendum og jafnhá fjárhæð frá kaupendum til að standa undir kostnaði við framkvæmd laganna. Skulu kaupendur standa skil á greiðslum þessum, og hefur nefndin á hendi innheimtu og reikningshald með gjaldi þessu. Verði í árslok afgangur af gjaldi, sem innheimtist með þessum hætti, skal heimilt að ákveða, að hann renni til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deildar fyrir loðnuafurðir.

### 4. gr.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða á reglum settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum og renna sektir í ríkissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum, eða reglum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda þau til ársloka 1973.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

## L Ö G

**um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.**

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1973 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- Með allt að 140% viðauka leyfisbréflagjöld, önnur en þau, er um ræðir í auka-tekjulögum nr. 104/1965.

## 2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

**L Ö G**

**um breyting á lögum nr. 14 15. marz 1965, um launaskatt.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað „1%“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: 2½%.

2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Skattur þessi skiptist þannig, að 1% rennur í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag og 1½% rennur í ríkissjóð.

## 2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir til ríkissjóðs 1% af hluta sjóðsins af innheimtum launaskatti samkvæmt lögum þessum, vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973 og gilda til loka þess árs.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*